

L Ö G

107

30. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. I. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1950, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

108

30. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1950 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.